

# Richard Wagner félagið á Íslandi

Vesturgötu 36B-101 Reykjavík-sími 5517292-fax 5516592

\*\*\*\*\*

28. febrúar 2000

Kæru félagar,

Sú breyting hefur orðið á dagskrá félagsins í vetur að kynning þýska píanóleikarans Stefan Mikisch á *Götterdämmerung*, sem vera átti 4. mars, fellur niður af óviðráðanlegum ástæðum.

Sýningum **Niflungahringins frá Metropolitan Óperunni** í umsjón Árna Björnssonar lýkur laugardaginn 11. mars kl. 12.00 með sýningu **Ragnaraka**. Ekki verður sent út sérstakt bréf til að minna á þá sýningu heldur treyst á minni félagsmanna. (Sjá söguþráð).

Sú breyting hefur einnig orðið að ákveðið hefur verið að flytja **Parsifal** frá laugardegi 22. apríl til **mánudagsins 24. apríl**, annars í páskum. Verður sýnt myndband með kvikmynd Tony Palmers "**Parsifal - The Search for the Grail**" frá árinu 1998 og verður það nánar kynnt er nær dregur.

**Aðalfundur félagsins** verður haldinn **sunnudaginn 26. mars kl. 13** í Norræna húsinu. Fundarstörf í samræmi við lög félagsins, þar á meðal kosning stjórnar sem fram fer annað hvert ár.

Að loknum aðalfundarstörfum verða sýnd áhugaverð brot af myndböndum tengdum Wagner (nánar síðar).

Dagskráin það sem eftir lifir vetrar lífur því þannig út:

\*\*\*\*\*

## **Laugardaginn 11. mars kl. 12.00 í Norræna húsinu:**

Óperusýning af myndbandi í samvinnu við Félag Íslenskra fræða.

**Ragnarök.** Frá uppsetningu Metropolitan í New York. Stj. James Levine Leikstj: Otto Schenk. Kynningu annast Árni Björnsson.

## **Sunnudaginn 26. mars kl. 13.00 í Norræna húsinu:**

Aðalfundur félagsins. Að fundarstörfum loknum sýnd áhugaverð myndbönd tengd Wagner.

## **Mánudaginn 24. apríl kl. 14.00 í Norræna húsinu:**

Kvikmyndin "**Parsifal - The Search for the Grail**" eftir Tony Palmer. Nánar kynnt síðar

\*\*\*\*\*

Með kærri kveðju  
f.h stjórnar Richard Wagner félagsins

*Selma Guðmundsdóttir*  
Selma Guðmundsdóttir,  
formaður R.W. félagsins á Íslandi  
Vesturgötu 36B  
101 Reykjavík

# Ragnarök

## Forleikur

Örlaganornirnar þrjár spá því að komið sé að skapadægri. — Sigurður heldur brott til nýrra dæða, þau Brynhildur kveðjast og sverja trúnaðareiða. Hún fær hringinn að tryggðagjöf en hann í staðinn hestinn Grana.

## 1. þáttur

Í borg Gjúkunga við Rín ríkir Gunnar konungur. Systir hans er Guðrún en Högni bróðir þeirra sammæðra er sonur Alberichs og á að ná hringnum á vald þeirra feðga. Sigurður kemur og honum er færður óminnisdrykkur. Hann man ekki lengur til Brynhildar, biður Guðrúnar, sverst í fóstbræðralag við Gunnar og lofar að fara með honum til að vinna Brynhildi. — Valþrúður valkyrja kemur til Brynhildar og biður hana að láta hringinn af hendi, svo að aftur megi fá hann Rínardætrum og frelsa goðin og heiminn frá allri bölvun. Brynhildur neitar að afhenda tryggðagjöf Sigurðar. — Sigurður tekur á sig útlit Gunnars með töfrahjálminum, ríður vafurlogann, festir Brynhildi til handa Gunnari og gengur í sæng hennar, leggur nakið sverðið milli þeirra, en tekur af henni hringinn.

## 2. þáttur

Alberich áminnir Högna son sinn um að bregðast sér ekki. — Sigurður kemur á undan Gunnari og Brynhildi. — Högni boðar til tvöfaldrar brúðkaupsveislu. — Brynhildur sér Sigurð með Guðrúnu og hringinn á hendi hans, uppgötvar svikin og krefst hefndar. — Bæði hún og Sigurður sverja ólíkan framburð sinn. Högni heitir Brynhildi atbeina sínum og Gunnar fellst nauðugur viljugur á banaráðin.

## 3. þáttur

Sigurður er gínttur á veiðar. Hann hittir Rínardætur sem reyna án árangurs að fá hann til að skila sér hringnum. — Högni færir honum drykk og hann öðlast minnið á ný. Sigurður rekur sögu sína og þegar hann minnst fyrstu funda þeirra Brynhildar leggur Högni hann spjóti í bakið. — Lík Sigurðar er flutt heim. Högni vegur Gunnar og reynir að ná hringnum af hendi líksins sem bregst við honum. Brynhildur lætur hlaða bálköst, segir upp alla sögu og gengur á bálið með Sigurði. Hringurinn fer með bálinu í fljótið, Högni fleygir sér eftir honum en Rínardætur draga hann í djúpið. Eldurinn teygir sig til himins og logum slær um Valhöll. Allt hið gamla og spillta skal brenna en lokatónar verksins boða von um nýjan og betri heim.